

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Xenical

ATC flokkur: A 08 AB 01 - Orlístat

Dagsetning: 1. mars 2010

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Líkamsþyngdarstuðull (BMI) **30 eða hærri** og einhver eftirtalinna sjúkdóma
 - Sykursýki af tegund 2.
 - Hjarta- eða æðasjúkdómur.
- Líkamsþyngdarstuðull (BMI) **35 - 39.9** og einhver eftirtalinna áhættuþátta:
 - Hækkaða blóðfitu.
 - Háþrýsting.
 - Skert sykurþol (IGT - impaired glucose tolerance).
 - Hækkaðan föstu blóðsykur (IFG - impaired fasting glucose)*.

Eftirfarandi skilyrði skulu öll uppfyllt:

- Staðfesting læknis á að sjúklingur hafi með lífsháttarbreytingum lést um a.m.k. 2,5 kg á s.l. 8 vikum áður en sótt er um lyfjaskírteini.
- Staðfesting á að sjúklingur sé að vinna að lífstílsbreytingum og verði í eftirliti þess læknis sem sækir um lyfjaskírteini.
- Aldursbil sjúklinga 18 - 75 ára.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga:

E-merkt

Gildistími:

1 ár - staðfesta þarf við endurnýjun að viðkomandi hafi náð a.m.k 7,5% þyngdartapi fyrstu 6 mánuðina og síðan 2,5% þyngdartapi á næstu hálfárs tímabilum þar á eftir

Hámarksmeðferðarlengd er 24 mánuðir. Réttur til lyfjaskírteinis fyrir Xenical getur vaknað að nýju eftir 2 ár frá því að meðferð lýkur

*Samanber skilgreiningar í klínískum leiðbeiningum Landlæknisembættisins. Sykursýki af tegund 2.
<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=432>